



2, 9.

N. STEINGRÍMUR THORLÁKSSON
RITSTJÓRI.

Ágúst 1907.

LÖG OG LÖGHLÝÐNI.

Forfeður okkar sögðu: „Með lögum skal land byggja, en með ólögum eyða“. Þeir skildu ofur vel, að engri þjóð fer fram, nema hlún eigi góð lög og hlýði þeim. Ef lögin væru litilsvirt og dvínaði hlýðni við þau, þá hlyti hvert land að eyðast. Þetta sáu þeir. Og hið sama þurfum við allir að sjá, ungir og gamlir.

En við þurfum að læra það, börnin og unglíngarnir, að bera virðing fyrir lögnum, og að hlýða þeim. Á því reki þurfum við að læra að finna til þess, að hlýðnin við þau er *heilög skylda*, og að engum sé leyft að eigin vild sinni að setja sér sjálfur lög sín, en einskisvirða gildandi lög. Þá ríður á því, að okkur skiljist það, að þetta sé ólög og óstjórn bæði okkur sjálfum og öðrum til tjóns. Að ekkert *byggist*, heldur *eyðist* með öðru eins háttalagi, og að sá, sem óvirðing sýnir lögnum, skemmir sjálfan sig og mannfélagið, sem hann tilheyrir.

Því miður virðist oft, að þetta gleymist. Fullorðid fólk margt virðist sýna það með framkomu sinni, og foreldrar margir láta það í ljós með uppeldi því, sem þau veita börnunum. Sú

hugsun virðist oft vera ofan á, að ekki sé það hættulegt, þó brotið sé í smá-atríðum á móti lögnum. Það geri ekkert til. Það sé smámunir einir. Því er þá gleymt, að eins og hús veikist, þótt ekki komi nema lítið los á binding þess, eins veikist virðingin fyrir lögum og hlýðni við þau, þegar leyft er að brjóta á móti þeim, þótt ekki sé nema í smá-atríðum.

En svo er ekki æfinlega að eins um smá-atríði að ræða, þegar til óhlýðninnar kemur. Margur heldur, að saklaust sé að brjóta á móti lögum, ef hann hefir hag af því, og engin hætta sé á því fyrir hann — ef honum annaðhvort tekst að koma því svo fyrir, að hann verði aldrei uppvis að því að hafa brotið eða komist á bak við lög, eða þá hann veit, að lögnum sé ekki stranglega framfylgt, eða að honum leyfist það, sem öðrum ekki leyfist.

Þegar eins stendur á, verður hlýðnis-skyldan ekki framar heilög skylda, heldur að eins skylda, sem fer eftir því, hvernig á stendur í það og það skiftið — hvort sá, sem hlýða á, hefur hag eða óhag, þægindi eða óþægindi, af því að hlýða. En þegar hagur manns og þægindi skipa öndvegi í stað hlýðnis-skyldunnar, þá hefur óstjórnin sest við stýrið.

Augljóst ætti öllum það að vera, hve afar nauðsynlegt sé að innræta börnunum og unglíngunum hlýðnis-skyldu við lög; að á því ríði, að koma inn hjá þeim tilfinning fyrir helgi laganna og ágæti þeirra, og að þau sé ekki neitt ófrelsis-haft, heldr lögleysið—það sé til illt. Það eyði en byggji ekki.

(Meira.)

VERIÐ HLÝÐIN!

Börnin góð! Frelsarinn er fullkomin fyrirmynd, af því hann lifði heilögu lífi. Í honum finnum við allar þær dygðir, sem við ættum að kappkosta að efla hjá okkur. Við ættum þá að reyna að feta í hans fótspor að svo miklu leyti sem við getum, elska eins og hann elskaði, biðja eins og hann bað, vera hógvær og lítillát eins og hann var hógvær og lítillátur, og taka þátt

í gleði og sorgum manna eins og hann gjörði. Allar þessar dygðir voru svo ríkar hjá honum; en ef til vill falllegasti kosturinn hans og lærdómsríkasti fyrir okkur var hlýðnin og virðingin, sem hann sýndi móður sinni og manningum, sem gekk honum í föður stað.

Þegar hann fannst í musterinu tólf ára, fór hann með foreldrum sínum og var þeim hlýðinn. Á æskuárum sínum vann hann í smiðju föður síns og stundaði starf sitt þar með trúmennsku og iðjusemi. Þegar hann hékk á krossinum, bað hann lærisveininn, sem hann elskaði mest, að annast móður sína. Hann var sami elskandi sonur í barnæskunni og á dauðastundinni. Hann unni engum meir en móður sinni, nema föður sínum á hinnum.

Elskið þið, börnin góð! foreldra ykkar? Reynið þið ekki að finna einhverja afsökun, þegar pabbi eða mamma biðja ykkur að gjöra eitthvað? Svarið þið ekki með ljótum orðum stundum, þegar þau finna að einhverju hjá ykkur. Þið ættuð ekki að gjöra það. Þau elska ykkur meir en nokkuð annað í heiminum og verða að þola margskonar baráttu og stríð ykkar vegna. Þið megið þá ekki launa þeim góðmensku þeirra með illu.

Sum stálpuð börn skammast sín fyrir foreldra sína, þegar þau eru orðin gömul og hrum. Ó, það er ósköp ljótt! Það var einu sinni kona, sem hljóp inn í hús, sem var að brenna, til að forða litlu stúlku-barni sínu, sem þar var inni. Hún bjargaði því ósködduðu, en brann sjálf svo mikið, að hún bar merki þess alla sína daga. Þegar stúkan var orðin fullorðin, var hún á gangi með vinkonu sinni, og móðir hennar mætti þeim; skammaðist hún sín þá fyrir að gjöra hana kunnuga. Ó þann svívirðilega hugsunarhátt! Móðirin hafði gengið í gegn um reyk og eld til að bjarga lífi hennar; en nú skammaðist dóttirin sín fyrir merkið, sem vitnaði um það heilaga kærleiksverk.

Börn! Þið getið aldrei verið of góð við foreldra ykkar. Gjörið alt, sem þau biðja ykkur um. Haldið ykkur frá sollinum og öllu því, sem ljótt er. En gangið stöðugt í sunnudags-skólann og sakið guðsþjónusturnar, því þeim þykir svo vænt um, þegar þið eruð góð. Mesta áhugamál þeirra er, að þið lærið að þekkja frelsarann og að fylgja honum eftir á vegi sáluhjálparinnar og helgunarinnar.

Verið foreldrum ykkar góð og hlýðin!

K. Ó.

SÓLIN OG DAGGARDROPINN.

Þið hafið víst öll heyrt getið um það, að sólin er afar stór eldhnöttur, miklu miklu stærri en jörðin, sem við búum á. Ef þið farið á fætur einhvern morguninn, þegar sólin er ný-komin upp, þá sjáið þið óteljandi daggardropa, sem glitra á hverju grasi og hverju blómi. Þeir eru mjög smáir, þessir dropar, svo sem á stærð við tituprjóns-höfuð; en þó speglar morgunsólin sig í hverjum einasta þeirra. Gáið að einum dropanum; hann skín eins og gimsteinn; það stafa út frá honum geislar eins og sól-inni. Myndin af þessum stóra, skínandi eld-hnetti kemst öll saman fyrir í daggardropanum litla. Er það ekki skrítið? Eg skal, segja ykkur, hvernig stendur á því. Það er af því að dropinn er alveg hreinn og tær. Ef það væri gruggugt vatn í honum, þá gæti hann ekki speglað sólina með öllum hennar ljóma.

Við erum enn þá minni í samanburði við guð en daggardropanir í samanburði við sólina. En þó geta hjörta okkar speglað dýrð hans, og sent út frá sér geisla af elsku hans, ef þau eru nógu hrein. Ef við gerum það, sem ljótt er og vont, þá verður hjarta okkar óhreint; þá getur ljóminn af elskunni guðlegu ekki speglast þar; og þá getum við aldrei fengið að sjá dýrð drottins, sem er miklu miklu fegri en dýrð sólarinnar, þegar hún kemur upp á morgnana. Því sagði frelsarinn: „Sælir eru hreinhjartaðir, því þeir munu guð sjá.“

Við erum öll syndug, og getum ekki haldið hjörtum okkar hreinum; en guð getur það, og hann gerir það fyrir okkur, ef við biðjum hann þess á hverjum degi.

Það er langt síðan eg las ofur litla smásögu. Hún er mér ávalt í fersku minni, af því mér þykir hún svo falleg. Eg skal segja ykkur hana.

Það var einu sinni herramaður á gangi í einni stóru borginni hér í Ameríku. Hann mætti litlum telpu-hnokka, svo sem átta ára gamalli. Stúlkan var í slitnum fata-görmum og berfætt; og hún rogaðist með ungbarn í fanginu. Barnið var stórt og feitt; og herramaðurinn skildi ekkert í, hvernig stúlkan gat borið það svona lengi. „Er hann ekki alt of þungur fyrir þig, krakkinn sá arna?“—spurði hann. „Uss, nei,“—sagði telpan; „hann er ekkert þungur; hann er bróðir minn.“

Hafið þið nokkurn tíma hugsað um byrðina þungu, sem Jesús bar fyrir okkur? Eg meina píslirnar, sem hann varð að líða fyrir okkur öll, af því við erum svo vond? Voru þær ekki

óttalegar? Hann bar þá þungu byrði af því hann elskaði okkur. Og litla stúlkan rogaðist með hann bróður sinn í fanginu af því henni þótti vænt um hann.

Sjáið þið nú, hvernig elska Jesú Krists getur speglað sig í barnshjartanu?
G. G.

MUNUR Á BÖRNUM.

Það voru tvö börn. Bæði höfðu þau gert dálítið fyrir sér. Faðir þeirra kallar á annað þeirra og bendir því á, hvað það hafi gert. Í stað þess nú að kannast við yfirsjón sína og segja: „Það er satt; það var ekki rétt af mér. Fyrirgefðu mér, pabbi minn!“—, þá gerir það ekkert úr því. Segir, að það hafi ekki gert neitt til.

Faðirinn kallar svo á hitt barnið. Talar sömuleiðis við það um það, sem það hafði illa gert. En í stað þess að gera lítið úr því eins og hitt barnið eða að afsaka sig kemur það þegjandi til föður síns og kyssir hann.

Hvað honum þótti vænt um þann koss!
En var ekki munur á börnunum?

HLÍFÐU TAUGUNUM ÞÍNUM.

Fögur kona ein gaf stúlku, sem hrifin var af fegurð hennar, ráðleggingu þessa: „Hlífðu taugunum þínum, og lofaðu þeim ekki að verða of viðkvæmar. Vendu þig á stillingu. Ef þú missir af lest, þá skaltu ekki ganga fram og aftur um pallinn hjá brautar-stöðinni eins og þú værir óð, heldur skaltu spyrja, hvenær næsta lest fari, setjast svo niður og bíða róleg. Þetta er það, sem fæstar konur gera. Ef til vill setjast þær niður, en lemja svo gólfið með tánum, ýmist kreppa hnefann eða rétta úr honum, og haga sér eins og þær sé í sjóðandi æsing, hvert skifti sem lest kemur, þó þær hafi verið fullvissaðar um, að lestin þeirra komi ekki fyrr en að hálfri stundu liðinni. Þessa hálfu stund verða þær fyrir afskaplegu tauga-sliti, og verða í raun og veru mörgum vikum eldri fyrir bragðið. Reyndu nú að temja þér stillingu, en sé þér það ekki unt í bili, þá geturðu samt verið kyrr með andlitið á þér.“

NÆGJUSEMI.

Kona nokkur, sem var kennari í alþýðuskóla í Danmörku, sagði við hóp af litlum stúlkum, sem nýbyrjaðar voru á öðru skóla-ári sínu, að sér þætti vænt um, ef þær vildu skrifa sér til og segja sér frá því, hvernig þeim hefði liðið í sumarleyfinu. Nokkrar þeirra skrifuðu henni svo bréf og gerðu eins og hún hafði beðið. Eitt af bréfunum hefur nú kennarinn geymt í 20 ár. Henni fanst svo mikið til um það. Ekki fyrir það, hve snýrtilega það væri skrifað eða vel orðað, né fyrir það að það læri vott um svo miklar gáfur. Ekki neitt slíkt einkendi bréfið. Heldur vegna hjartalagsins, sem það bar vott um. Það var það, sem hafði talað til hennar þá, og talaði til hennar öll þessi 20 ár. Bréfið hljóðaði svo:

„Ég hef verið í viðar-skálanum hjá þabba, og þvegið leirtauíð og gólfíð fyrir mömmu og passað barnið, og mér hefur liðið svo vel.“

Þetta var nú mesta ánægjan hennar í sumarleyfinu — að *hjálpa þabba sínum og mömmu*. Hún hefur ekki verið að heimta þetta eða hitt, né nökkra út af því að hún væri látin gera alt þetta, þegar aðrar stúlkur væru að leika sér.

Ekki eru allar stúlkur ánægðar með önnur eins kjör. Þær eru jafnvel ekki ánægðar, þó kjör þeirra sé margfalt betri en annarra. Vinnan, sem heimtuð er af þeim, miklu minni. Og skemtarnirnar, sem þær geta veitt sér, miklu meiri. Þær eru með ólund. Og svo líður þeim illa. Eru lasnar og þola ekki neitt.

Ólundin og óánægjan gerir margan vesalan. En nægjustemin og ánægjan hins vegar margan heilsugóðan.

Ef meira væri af nægjustemi og ánægju hjá okkur mönnum, þá væri sumarið okkar lengra. Meira af sól í lífinu.

Temjum okkur nægjustemi.

SÖGUR UM DÝR.

(Þýtt—handrit H. Kr. Fr.)

VIII.

Þá er Karl konungur áttundi sat að ríkjum á Frakklandi, var maður einn af lífvörðum konungs, er Aubry hét. Hann átti í miklum fjandskap við annan mann að nafni Macaire,

Einhverju sinni ætlaði Aubry að heimsækja unnustu sína, og sendi hund sinn á undan sér, til að skýra henni frá komu sinni; en gekk sjálfur aleinn í gegn um skóginn hjá Bondi. En alt í einu réð fjandmaður hans á hann þar í skóginum, og myrti hann, og gróf hann síðan undir tré einu.

Hundurinn beið nokkrar stundir húsbónda síns hjá unnustu hans, en loks gjörðist hann mjög óróf og hljóp burt frá þjóninum. Undir miðnætti komst hann inn í skóginn, og fann brátt gröfina, lagðist á hana, og lá þar, uns sulturinn þrengdi svo að honum, að hann var neyddur til að halda á burt.

Maður er nefndur Ardillere; hann var mesti vinur Aubrys, og var Aubry vanur að matast hjá honum. Einhvern morgun kemur hundurinn þangað; var hann þá mjög magnlítill og horaður; ýlfraði hann ægilega, sem vildi hann segja frá, hve mikils hann hefði mist. Þá er hann hafði fengið mat, tók hann aftur að ýlfra, hljóp til dyra, og litaðist um, hvort enginn fylgdi sér. Að síðustu hélt hann burt, og tjáði það ekkert, hversu vel sem að honum var látið. Að fjórum dögum liðnum kom hann aftur, og gekk svo í heilan mánuð, að hundurinn kom við og við.

Að síðustu tók Ardillere að þykja það mjög svo undarlegt, hversu sorgbitinn hundurinn leit út, hversu fjarska-horaður hann var, og að hann skyldi koma svo, að Aubry væri eigi með. Hann fylgdist því einhverju sinni með hundinum, en hundurinn hélt í kjól hans, sem hann vildi draga hann með sér.

Þá er þeir komu í skóginn, kastaði hundurinn sér niður undir tré einu, sem Örvinglaður, tók að klóra ákaflega í jörðina með loppunum og ýlfra aumlega, og furðaði Ardillere sig mjög á þessu; hann lét grafa þar niður í víðurvist þriggja vitna, og fanst þar lík eitt, alt blóðugt og afmyndað; en alt um það mátti sjá, að það var lík Aubrys. Ardillere lét flytja leifar vinar síns til Parisarborgar og veita sæmilega greftrun. Brátt varð það heyrum kunnugt, hversu hryggilegan dauðdaga Aubry hefði h'otið, en engin rök voru að því fundin, hver morðinginn væri.

Nokkru síðar sá hundurinn Macaire, en óðar en hann varð hans var, hljóp hann á hann, og læsti tennurnar í kverkar honum, og mundi hundurinn hafa drepit hann, ef aðrir menn hefðu eigi bjargað honum, og veitti þeim þó fullörðugt að ná hundinum af honum. En í hvert sinn, sem hundurinn sá hann, hljóp hann á hann óður.

Þetta þótti kynlegt. Og fór nú Ardillere að gruna, að Macaire mundi valdur að morðinu, lét taka hann fastan, og halda þröf yfir honum. Kom þá hið sanna í ljós. Varð hundurinn þannig til þess að koma upp um hann glæpnum.

MUNIÐ

eftir nafninu handa nýja blaðinu, sem minst var á í síðasta blaði „Barnanna“. Það hefur að eins einn sent inn nafn enn. Þíðist ekki með það. Tíminn líðr. Það má ekki koma seinna en um *miðjan næsta mánuð*, September. Í síðasta blaði var sagt: fyrir lok September. En það er of seint. Það verður að vera fyrir *miðjan* mánuðinn. Munið þetta. Leyfilegt er hverjum að senda inn eins mörg nöfn eins og hann vill.

 TIL GAMANS.

Mamma: „Bía! Þú ert búinn með allar sætabrauðs-kökurnar, Pétur minn! og þú hefur alveg gleymt henni litlu systur þinni.“

Pétur lítli: „Nei, mamma! Eg gleymdi henni ekki. Eg var alt af að hugsa um hana meðan eg var að borða þær, því eg var hræddur um, að hún myndi koma áður en eg væri búinn með þær.“

Kennarinn við litlu börnin (hann er að útskýra fyrir þeim sambandið á milli hirðis og hjarðar hans): „Ef nú þið, börnin mín! væruð lítil fömb, hvað væri eg þá.“

Börnin öll í einu: „Stór sauður!“

„Sameiningin“ kemr út mánaðarlega. Hvert númer tvær arkir heilar. Verð einn dollar um árið. Skrifstofa 118 Emily St., Winnipeg, Canada. „Börnin“—barnablaðið nýja—er sérstök deild í „Sam.“, hálf örk. Address ritstjóra „Barnanna“: Selkirk, Man. — „Börnin“ koma og út sérstaklega—og eru seld fyrir 35 ct.

Hr. Sigrbjörn A. Gíslason í Reykjavík er aðal-umboðsmaðr „Sam.“ á Íslandi.

Hr. Jón J. Vopni er féhirðir og ráðsmaðr „Sam.“ og „Barnanna“.

Address: Sameiningin, P. O. Box 689, Winnipeg, Man.
Canada.